UM HVAÐ VAR SAMIÐ?

MEGINATRIÐI kjarasamninganna, sem undirritaðir voru í gærmorgun eða sólstöðusamninganna eins og Torfi Hjartarson sáttasemjari nefndi þá eru að á 18 mánaða tímabili, sem þeir gilda, hækkar kaup samkvæmt upphafshækkun samninganna og áfangahækkunum, sem eru þrjár um 32 þúsund krónur samtals. Koma hækkanirnar með jafnri krónutölu á samningstímanum á öll mánaðarlaun og hlutfallslega á viku- og tímakaup. Vakta- og yfirvinnuálög haldast sem hlutfall af dagvinnukaupi. Sérkröfur einstakra aðildarfélaga ASÍ voru leystar innan 2.5% meðaltalshækkunar kauptaxta viðkomandi félags eða sambands.

Kauphækkunin, sem um var samið kemur til framkvæmda með eftirfarandi hætti:

Við undirskrift:	18.000.–
1. desember 1977:	5.000.–
1. júní 1978:	5.000.–
1. september 1978	4.000.–

Verðbætur á laun

Útgjöld, sem vegið hafa í vísitölugrundvelli og tákna hækkanir á áfengi og tóbaki, fara nú út úr grunni hinnar nýju verðbótavísitölu. Einnig kemur inn í samninginn sérstakur verðbótaauki, sem er nýmæli og ætlað er að bæta þá kaupmáttarýrnun, sem verður vegna biðtímans milli útreiknings vísitölunnar og þar til þær koma til greiðslu. Hinn 1. september verður fyrst greidd verðlagsuppbót á laun og þá í krónutölu 880 krónur fyrir hvert stig, sem verðbótavísitalan hækkar um og hinn 1. desember verður aftur greidd krónutala, 930 krónur fyrir hvert stig vísitölunnar á öll laun. Frá og með 1. marz 1978 greiðast verðlagsbætur á laun í sama hlutfalli og verðbótavísitalan hækkar, þ.e.a.s. prósenta á öll laun.

Kaupmáttur

Lægsta kaup, sem fyrir samningana var 70 þúsund krónur, hækkar við undirritun samningsins um 26%. Hærra kaup hækkar hlutfallslega minna vegna krónutölureglunnar, 100 þúsund krónur hækka þannig um 18%, ef ekki er tekið tillit til sérkröfuprósentunnar, 2½%, en sé hún talin með er hækkunin 20½%.

Reikna má með — segir í sérstöku blaði, sem ASÍ hefur gefið út til félagsmanna sinna, að kaupmáttur meðalkaups verði að meðaltali á þessu ári 5 til 6% hærri en var á síðastliðnu ári, þ.e. 1976. Það sem eftir er af þessu ári verður kaupmáttur hins vegar væntanlega um 10% yfir meðaltali síðasta árs. Milli áranna 1977 og 1978 má búast við um 7% hækkun kaupáttar meðalkaups. Krónutöluhækkanir vega eins og áður sagði þyngra á lægsta kaup og má því reikna með að kaupmáttur lægsta taxta verði á þessu ári að meðaltali 10 til 11% hærri en á árinu 1976 og hækki enn um 13% milli áranna 1977 og 1978. Í þessum tölum er ekki tekið tillit til áhrifa væntanlegra skattalækkana.

Gildistími

Samningurinn gildir frá undirskriftadegi til 1. desember 1978. Þó eru í samningnum ákvæði um að honum megi segja upp með eins mánaðar fyrirvara ef stjórnvaldsaðgerðir skerða á einhvern hátt verðtryggingarákvæði samningsins. Slíkt atriði hefur ekki áður verið í kjarasamningi ASÍ og vinnuveitenda. Einnig er í samningnum heimild til atriði um að samningurinn sé uppsegjanlegur, verði veruleg breyting á gengi íslenzku krónunnar.

Lífeyrismál

Samkomulag varð um að vinna áfram að þeirri endurskipulagningu lífeyrissjóðakerfisins, sem hafin var á síðastliðnu ári, og er stefnt að því að tillögur verði fullmótaðar fyrir mitt ár 1978 og nýtt lífeyriskerfi taki gildi í ársbyrjun 1980. Greiðslur lífeyrissjóða til lífeyrisþega eru hækkaðar og verða nú hækkaðar og endurskoðaðar 4 sinnum á ári í stað tvisvar áður.

Með það fyrir augum, að hækkun lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóðanna valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingargreiðslna frá almannatryggingum, verður tekjumark tekjutryggingar hækkað. Ýmsar breytingar aðrar verða gerðar í kjölfar viðræðna við ríkisstjórnina, sem aðilar samningsins áttu. Meðal annars verður tekin upp sérstök uppbót, 10 þúsund krónur á mánuði, á lífeyri allra tekjutryggingarþega, sem búa einig á eigin vegum. Bótafjárhæðir almannatrygginga verða frá 1. júlí hækkaðar þannig, að lágmarkstekjur lífeyrisþega hækki í sama hlutfalli og laun verkamanna hækka í kjarasamningunum.

Vinnuverndarmál

Í samninginn kom inn ákvæði um rétt starfsfólks til þess að neita að vinna án þess að laun skerðist, sé öryggisútbúnaður á vinnustað ófullnægjandi. Jafnframt hét ríkisstjórnin því að samin yrði ný löggjöf í samráði við aðila vinnumarkaðarins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og í skipum. Lög um þetta efni eiga að taka gildi eigi síðar en í ársbyrjun 1979. Þá mun á næstu mánuðum fara fram sérstök athugun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum í því skyni að koma á úrbótum í þessum málum og skal hafa niðurstöður hennar til hliðsjónar við setningu laganna og gerð.

Slysatryggingar

Samkomulag varð um verulega hækkun á slysa- og örorkubótum og verða dagpeningar nú greiddir í slysatilvikum í allt að 52 vikur.

Orlof

Í kjarasamninginn kom nú inn ákvæði um það að þeir, sem samkvæmt ósk vinnuveitenda fá ekki 21 dags sumarleyfi á tímabilinu frá 2. maí til 30. september skulu fá 25% lengingu á þeim hluta orlofsins, sem veittur er utan ofangreinds tíma. Ef um er t.d. að ræða 4 daga verða þeir 5 í slíkum tilfellum.

Trúnaðarmenn

Samkomulag varð milli aðila um að starfsaðstaða trúnaðarmanna yrði bætt og þeim tryggður ótvíræður réttur til að sinna trúnaðarmannsstörfum sínum í vinnutíma og gefin heimild til þess að halda tvisvar á ári fundi með starfsfólki, þannig að ein klukkustund falli í vinnutíma án launamissis. Þá skulu trúnaðarmenn halda dagvinnutekjum í allt að eina viku á ári til þess að sækja námskeið.

Skattamál

Breyting fékkst á skattstiga einstaklinga við álagningu skatta 1977 og hefur ríkisstjórnin þegar gefið út bráðabirgðalög, sem tryggja framkvæmd þessa nýja skattstiga. 20% þrepið í skattstiganum verður lengt nokkuð og tekið upp nýtt skattþrep með 30% skatti. Hjá hjónum greiðist þannig 40% skattur fyrst af tekjum umfram 2 milljónir króna samanborið við tæplega 1.400 þúsund krónum samkvæmt fjárlögum. Einnig munu niðurgreiðslur á búvörum verða auknar eða gerðar aðrar ráðstafanir er leiði til allt að 1.5% lækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar.

Húsnæðismál

Ríkisstjórnin hét samningsaðilum að skipuð yrði sérstök nefnd til að endurskoða þau ákvæði laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem fjalla um byggingu íbúða á félagslegum grundvelli. ASÍ mun eiga helming fulltrúa í nefndinni. Nefndin skal taka sérstaklega til meðferðar greinargerð og tillögur ASÍ, þar sem áherzla er lögð á byggingu verkamannabústaða og leiguhúsnæðis fyrir fólk með ákveðnar félagslegar forsendur; félagslegar íbúðarbyggingar verði ekki minni en þriðjungur heildaríbúðarþarfar; verkalýðsfélögin hafi aðild að úthlutun íbúðanna og greiðslubyrði kaupenda verði ákveðið hlutfall tekna. Hér er í höfuðdráttum um að ræða framkvæmd yfirlýsinga, sem gefnar hafa verið við fyrri samningsgerðir, allt frá árinu 1974, en nú er ákveðið, að frumvarp skuli lagt fyrir næsta þing til afgreiðslu.

Dagvistunarmál

Ríkisstjórnin heitir því að beita sér fyrir hækkun fjárveitingar til dagvistunarheimila og eflingu fósturskólans. Á dagvistunarheimilum sem ríkið á hlut að sem vinnuveitandi munu stjórnvöld beita sér fyrir því að allar starfsstéttir fái jafna aðstöðu.

Verðlagsmál

Ríkisstjórnin hefur heitið því að verðhækkanir opinberrar þjónustu komi ekki til framkvæmda nema síðustu 10 daga fyrir útreikning verðbótavísitölu, þannig að launafólk þarf ekki að bera hækkanirnar lengi bótalaust. Ríkisstjórnin tekur undir það sjónarmið verkalýðssamtakanna að leggja beri aukna áherzlu á öflun gagna um verðlag erlendis og miðlun upplýsinga um verðlag hérlendis og lýsir sig fúsa til þess að treysta aðstöðu Verðlagsskrifstofunnar til þess að sinna þessum þáttum. Þá er verkalýðssamtökunum gefið fyrirheit um aukna aðild að verðgæzlu og áherzla lögð á aðhald í afgreiðslu verðhækkana.

A. Paul Weber sýnir að Kjarvalsstöðum

Í DAG fimmtudaginn 23. júní kl. 20.00 verður opnuð sýning að Kjarvalsstöðum á verkum hins þekkta þýska grafíklistamanns A. Paul Weber. Sýningin er haldin á vegum þýska bókasafnsins í Reykjavík og félagsins Íslensk grafík. Sýningin stendur til 12. júlí næstkomandi. Á blaðamannafundi með listamanninum kom fram að þetta er stærsta sýning á verkum hans til þessa og listamaðurinn mun dvelja hér á landi út sýningartímann.

Andreas Paul Weber er fæddur árið 1893 í Arnstadt í Þýskalandi. Eftir að hann hætti í skóla fór hann að iðka grafík og er hann sjálfmenntaður á því sviði. Frá 1919 hefur hann starfað mikið við myndskreytingar bóka, þar á meðal hefur hann myndskreytt söguna um Róbinson Krúsó, sögur Munchausen, ritverk Kafka og fleiri þekkt bókmenntaverk. Árið 1928 hóf hann þátttöku í samtökum, sem börðust gegn Hitler. Hann barðist í báðum heimsstyrjöldunum og hefur hryllingur þeirra átaka oft orðið honum efniviður í myndir sínar. Hann hefur hlotið ýmsar viðurkenningar og var m.a. útnefndur prófessor árið 1971.




30 kr. fyrir hvert kíló af hörpudiski

YFIRNEFND verðlagsráðs sjávarútvegsins ákvað á fundi sínum í gær lágmarksverð á hörpudiski frá 1. júní til 30. september n.k. Fyrir hörpudisk 7 cm og yfir verða greiddar kr. 30 á hvert kíló og fyrir hörpudisk 6 cm og að 7 cm kr. 23 á hvert kíló.

Verð þetta var ákveðið af oddamanni og fulltrúum seljenda gegn atkvæði annars fulltrúa kaupenda, Eyjólfs Ísfelds Eyjólfssonar, en hinn fulltrúi kaupenda Árni Benediktsson greiddi ekki atkvæði. Aðrir í nefndinni voru Gamalíel Sveinsson, sem var oddamaður nefndarinnar, og Guðmundur Jörundsson og Jón Sigurðsson af hálfu seljenda.

MARGIR HALDA AÐ AR HÁTALARAR SÉU AÐEINS FYRIR ATVINNUMENN...



en auðvitað geta allir þeir sem vilja vandaða og nákvæma hátalara, notið þess að hlusta á AR hátalara í stofunni heima hjá sér.
Það eru góð meðmæli að atvinnumenn eins og Judi Collins, Miles Davis og Herbert von Karajan skuli velja sér AR til einkanota, því þeir vilja aðeins það besta, hin þjálfaða heyrn þeirra krefst þess.
AR hátalarar eru á góðu verði – gæðin getur þú verið viss um – VELJIÐ AR HÁTALARA.

Þekking Reynsla Þjónusta

FÁLKINN®
SUÐURLANDSBRAUT 8, SÍMI 84670

SENDUM BÆKLINGA